



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 25. júlí 2007
Tilvísun: UST20070600122/sf

Tillaga að matsáætlun fyrir veg við Svínavatn í Húnavatnshreppi og Blönduósbæ (Svínavatnsleið)

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir veg við Svínavatn í Húnavatnshreppi og Blönduósbæ (Svínavatnsleið). Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir framangreindu tillögu að matsáætlun.

Valkostir

Í umfjöllun um núllkost á bls. 11 í tillögu að matsáætlun kemur fram að Hringvegurinn milli Brekkukots og Fagraness um Blönduós uppylli öll skilyrði um núverandi veg. Á milli Stóru-Giljár, um Reykjabraut og Svínvetningabraut, og að Hólsbergi uppylli vegur ekki núverandi vegstaðla.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um núllkost og einnig umhverfisáhrif þess að byggja upp núverandi veg og bera saman við umhverfisáhrif annarra valkosta.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að afmarkað verði sérstaklega áhrifasvæði vegna sjónrænna þátta og það sýnt á uppdrætti, auk þess sem afmarkað verði áhrifasvæði þar sem búast má við beinum áhrifum af framkvæmdinni.

Gróðurfar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að áætlað sé að kortleggja gróður á vegstæði og a.m.k. 100 m belti sitt hvoru megin frá miðju veglínu yfir sumartímann. Einnig kemur fram að teiknuð verði gróðurlendi sem unnin verði eftir loftmyndum og vettvangsathugun við veglínur.

Umhverfisstofnun telur að auk yfirlitskorta yfir góðurlendi í frummatsskýrslu eigi að fylgja gróðurlendi (korta af gróðurhverfum) í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði verið er að kortleggja. Ef sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna á þeim leiðum sem fjallað er um í frummatsskýrslu telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fundarstaðir þessara tegunda

verði afmarkaðir á korti.

Sérstök vernd

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla sérstaklega um áhrif framkvæmda á jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en allar þær leiðir sem fjallað er um í tillögu að matsáætlun liggja yfir votlendi. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar á votlendi og styðjast þar við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt votlendis. Einnig þarf að leggja fram áætlun um endurheimt votlendis.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að nokkuð sé um jarðhita á svæðinu sem gert verði grein fyrir í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að sýna ætti staðsetningu jarðhitasvæða á korti.

Dýralíf

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal í tillögu að matsáætlun m.a. koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar, eftir því sem við á, lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að í matsáætlun sé gerð skýr grein fyrir þeim aðferðum sem beitt verður við fuglarannsóknir. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að varpfuglar séu taldir á sniðum og þéttleiki þeirra á öllu fyrirhuguðu vegstæði metinn. Rétt væri að fjalla um staði þar sem fuglalíf er sérstætt á einhvern hátt, gera grein fyrir fágætum tegundum og lýsa áhrifum framkvæmdar á fuglalíf á héraðs- og landsvísu.

Straumvötn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að töluverðar athuganir liggi fyrir á lífríki fallvatna á svæðinu, einkum hvað varðar fiskstofna áanna. Því séu til góðar upplýsingar um lífríki áanna og nýtingu þeirra, sem ætti að minnka þörf fyrir nýjar rannsóknir vegna nýrrar veglínu. Í tillögu að matsáætlun kemur einnig fram að gerð verði grein fyrir gögnunum, helstu niðurstöðum og hugsanlegum áhrifum framkvæmda á árnar m.t.t. framkvæmda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur skýrt fram í tillögu að matsáætlun hvort þörf er talin vera á frekari rannsóknum á lífríki vatnsfalla á framkvæmdasvæðinu til að hægt verði að meta með fullnægjandi hætti umhverfisáhrif fyrirhugaðrar veglagningar. Þar sem þær veglínur sem kynntar eru skera fiskauðug vatnasvæði telur Umhverfisstofnun mikilvægt að aflað verði ítarlegra gagna um lífríki viðkomandi vatnsfalla.

Landslag, ásýnd lands

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á landslag, þ.e. ásýnd landsins, verði metin í nokkrum þáttum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í matsáætluninni kemur ekki fram hvernig niðurstöður þessa mats verða kynntar í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um sjónræn áhrif mismunandi valkosta með myndrænum hætti, s.s. með ljósmyndum frá völdum stöðum/útsýnisstöðum. Tilgreina þarf hvar myndirnar eru teknar, hvert sjónarhornið er og hvað myndirnar eiga að sýna. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi með

tölvugerðum myndum að sýna og gera samanburð á landslagi fyrir og eftir framkvæmdir.

Vatnafar

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að gerð verði grein fyrir vatnsverndarsvæði innan áhrifasvæðis framkvæmdar. Ef fyrirhugaður vegur liggur um vatnsverndarsvæði telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði fjallað um afmörkun vatnsverndarsvæðisins og áhrif á það m.t.t. þeirra takmarkana er gilda um mannvirkjagerð á vatnsverndarsvæðum samkvæmt reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Fjalla þarf sérstaklega um mengunarhættu sem fylgir því að hleypa almennt umferð um vatnsverndarsvæði.

Hljóðvist

Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir hljóðvist vegna leiðanna í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að niðurstöður útreikninga verði sýndar á myndrænan hátt í frummatsskýrslu.

Efnistaka

Umhverfisstofnun telur æskilegt að í frummatsskýrslu verði sýndar ljósmyndir af öllum fyrirhuguðum efnistöðum, auk þess sem staðsetning þeirra verði sýnd á korti/upprætti.

Veðurfar

Í tillögu að matsáætlun er tilgreindar þær veðurstöðvar sem starfræktar eru í dag í nágrenni fyrirhugaðs vegstæðis. Fram kemur að gerð verði grein fyrir gögnum frá veðurstöðvum í frummatsskýrslu og veðurfarspættir á framkvæmdasvæðinu bornir saman. Einnig kemur fram að vegna ábendingu landeigenda verði sérstaklega fjallað um vindstrengi undir Svínadalsfjalli.

Í ljósi þess að þær veðurstöðvar sem eru tilgreindar eru ekki inni á sjálfu framkvæmdasvæðinu telur Umhverfisstofnun ekki óeðlilegt að settar verði upp tímabundnar veðurstöðar á völdum stöðum til að afla upplýsinga um veðurfar á framkvæmdasvæðinu sjálfu.


Mótvægisáðgerðir


Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mögulegar mótvægisáðgerðir vegna neikvæðra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar, þ.á m. endurheimt votlendis.

Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að leggja mat á hvort þörf er á vöktun vegna umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar og í hverju sú vöktun skuli fólgin. Ef þörf er vöktunar þarf að koma fram til hvaða aðgerða megi grípa ef í ljós kemur að áhrif framkvæmdanna verði meiri og/eða önnur en gert er ráð fyrir.

Virðingarfyllt


Sigrós Friðriksdóttir


Helgi Jensson